

Nýráðningar í akademísk störf við Háskóla Íslands 2007-2009

Samantekt: Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi, og Baldvin M. Zarióh, verkefnisstjóri á vísindasviði

Forsendur samantektar

Um er að ræða öll akademísk nýráðningarmál í HÍ síðan nýtt kerfi dóm- og valnefnda tók gildi (fyrst auglýst skv. nýju fyrirkomulagi í maí 2007), að undanskildum þeim málum sem enn voru í vinnslu þegar gögn voru tekin saman (í lok nóvember 2009).¹

Alls er um að ræða 80 nýráðningarmál, 11 málum lauk án ráðningar og 69 með ráðningu. Samtals var um að ræða ráðningu í 70 störf þar sem einu máli lauk með því að tveir umsækjendur voru ráðnir. Rétt er að nefna að hér er fjallað um fjölda *umsókna*, sem er meiri en fjöldi umsækjenda þar sem nokkrir sóttu um fleiri störf en eitt.²

Helstu niðurstöður fyrir HÍ í heild³

- Á framangreindu tímabili, maí 2007 til nóvember 2009, bárust samtals 317 umsóknir, 228 frá körlum en einungis 89 frá konum.
- Því voru 71,9% umsókna frá körlum og 28,1% frá konum.
- Alls voru 70 manns ráðnir í störf, 42 karlar og 28 konur. Hlutfall karla var því 60% þeirra sem voru ráðnir en kvenna 40%.
- Þegar litið er sérstaklega til karla kemur í ljós að 18,4% starfsumsókna frá körlum enduðu með ráðningu. Þegar horft er sérstaklega til kvenna sést að 31,5%, starfsumsókna lauk með ráðningu.
- Af þeim 317 umsóknum sem bárust um akademísk störf á tímabilinu voru 27 dregnar til baka á einhverju stigi málsins.
- Í 77 tilfellum þótti umsækjandi ekki uppfylla lágmarksskilyrði til ráðningar.
- Í 213 tilvikum af 317 þótti umsækjandi uppfylla lágmarksskilyrði til ráðningar, eða 67,2%.
- Hlutfallslega fleiri umsóknir frá konum en körlum voru taldar uppfylla lágmarkshæfi til ráðningar að mati dómnefndar, eða 72,9% frá konum og 65,4% umsókna frá körlum.

Umsóknargögnum var einnig skipt eftir því hvort um var að ræða starf þar sem *a.m.k. einn karl og ein kona sóttu um* (þ.e. þegar umsóknir bárust frá báðum kynjum), eða hvort um var að ræða starf sem *eingöngu karlar eða eingöngu konur sóttu um* (þ.e. umsóknir bárust aðeins frá öðru kyninu). Þegar horft er til þeirra starfa þar sem umsóknir bárust frá bæði körlum og konum eru helstu niðurstöður þessar:

- Alls bárust 185 umsóknir um þau 27 störf sem auglýst voru, 125 frá körlum og 60 frá konum.
- Umsóknir frá körlum voru 67,6% en 32,4% frá konum.

¹ Umsóknir á þessu tímabili um störf við Kennaraháskóla Íslands eru taldar með, sjá undir *Menntavísindasvið*.

² 21 umsækjandi (15 karlar og 6 konur) sótti um oftar en einu sinni – einn í þrígang en aðrir í tvígang. Samtals var um að ræða 42 umsóknir (31 frá körlum og 12 frá konum) eða um 13,6% allra umsókna í gagnasafninu.

³ Rétt er að nefna að 2 mál voru með þeim hætti að þau tilheyrðu ekki einu tilteknu fræðasviði sérstaklega. Þessi mál, og umsóknir um störfin tvö, eru þó eðlilega talin með í niðurstöðum um HÍ í heild. Í þessum flokki eru umsóknir frá körlum hlutfallslega fleiri en í gagnasafninu í heild. Hér er um að ræða lítinn hluta af gagnasafninu (5% af heildarfjölda umsókna, og 6,6% af heildarfjölda umsókna frá körlum) og aðeins 2,5% þeirra ráðningarmála sem umfjöllunin tekur til.

- Alls voru 23 þessara umsækjenda ráðnir, 14 karlar og 9 konur. Karlar voru 60,9% þeirra sem voru ráðnir en konur 39,1%.
- 11,2% umsókna frá körlum enduðu með ráðningu, en þetta hlutfall var hærra þegar kom að umsóknum frá konum, eða 15%.
- Af þessum 185 umsóknum voru 11 dregnar til baka, og í 27,6% tilvika (51 umsókn) þótti umsækjandi ekki uppfylla lágmarksskilyrði.
- Eftir standa 123 umsóknir þar sem umsækjandi þótti uppfylla lágmarksskilyrði, eða 66,5% allra umsókna um störf sem a.m.k. 1 kona og 1 karl sóttu um.
- Mjög lítil munur var á körlum og konum að þessu leyti, en 66,7% allra umsókna frá konum og 66,4% allra umsókna frá körlum voru afgreiddar frá dómnefnd með því álitni að umsækjandi uppfyllti lágmarksskilyrði til ráðningar.

Að mörgu leyti er minni munur á körlum og konum þegar horft er sérstaklega til þeirra starfa, sem a.m.k. einn karl og ein kona sóttu um, en þegar litið er á störf sem aðeins annað kynið sótti um. Þetta á einkum við þegar skoðað er hve stórt hlutfall umsókna innan hvors hóps (þ.e. karla og kvenna) endaði með ráðningu sem og þegar skoðað er hlutfall þeirra sem þóttu uppfylla lágmarksskilyrði. Hér má sjá upplýsingar um þau störf sem eingöngu bárust umsóknir um frá öðru kyninu (þ.e. allar frá körlum eða allar frá konum):

- Alls voru 53 mál með þessum hætti. Um þessi störf bárust alls 132 umsóknir, 103 (78%) frá körlum og 29 (22%) frá konum.
- Alls voru 47 af þessum umsækjendum ráðnir, 28 karlar og 19 konur. Karlar voru því 59,6% þeirra sem voru ráðnir en konur 40,4%.
- Hlutfall umsókna frá körlum sem enduðu með ráðningu var 27,2%, en 65,5% umsókna frá konum.
- Af þessum 132 umsóknum voru 16 dregnar til baka, og í 26 tilvikum (eða 19,7%) var umsækjandi ekki talinn uppfylla lágmarksskilyrði.
- Eftir standa 90 umsóknir, eða 68,2%, þar sem dómnefnd taldi umsækjanda uppfylla lágmarksskilyrði.
- Hærra hlutfall umsókna frá konum en körlum voru afgreiddar frá dómnefnd með því álitni að umsækjandi uppfyllti lágmarksskilyrði til ráðningar, eða 82,8% umsókna kvenna og 64,1% umsókna karla.

Helstu niðurstöður eftir fræðasviðum

Félagsvísindasvið

- Alls bárust 44 umsóknir, 33 frá körlum og 11 frá konum.
- Hlutfall umsókna frá konum var 25% en 75% frá körlum.
- Alls voru 17 umsækjenda ráðnir, 10 karlar (58,8%) og 7 konur (41,2%).
- Hlutfall umsókna frá körlum sem enduðu með ráðningu var 30,3%. Þetta hlutfall var töluvert hærra hjá konum – í raun það hæsta sem birtist í þessum niðurstöðum að frátöldum umsóknum um störf á Menntavísindasviði – en 63,6% umsókna kvenna um akademísk störf á Félagsvísindasviði enduðu með ráðningu.
- Dómnefnd afgreiddi 54,5% umsókna frá körlum með því álitni að umsækjandi uppfyllti lágmarksskilyrði til ráðningar, en þetta hlutfall var 90,9% umsókna frá konum sem var það hæsta sem sást í þessum niðurstöðum, hvort sem litið er til kvenna eða karla.
- Í fæstum tilvikum sóttu bæði karlar og konur um sama starf. Þannig voru aðeins 5 umsóknir (3 frá körlum og 2 frá konum, um samtals 2 störf) þar sem a.m.k. 1 karl og 1 kona höfðu sótt um sama starf, en hinar 39 umsóknirnar (30 frá körlum og 9 frá konum) voru um störf þar sem allir umsækjendur um hvert starf voru af sama kyni.

Heilbrigðisvísindasvið

- Alls bárust 56 umsóknir, 33 frá körlum og 23 frá konum.
- Hlutfall umsókna frá körlum var 58,9% og 41,1% frá konum, og voru þessi kynjahlutföll því jafnari á Heilbrigðisvísindasviði en á öðrum fræðasviðum (nema Hugvísindasviði).
- Alls voru 22 umsækjenda ráðnir, 13 karlar (59,1%) og 9 konur (40,9%).
- 39,4% umsókna frá körlum enduðu með ráðningu. Meðal kvenna var hlutfallið nánast það sama, þar eð 39,1% umsókna kvenna um akademísk störf á sviðinu enduðu með ráðningu, og var þessi munur því minni en á öðrum fræðasviðum.
- Dómnefnd afgreiddi 81,8% umsókna frá körlum með því álitum að umsækjandi uppfyllti lágmarksskilyrði og 78,3% umsókna frá konum, en þessi munur á kynjunum var meiri á öðrum fræðasviðum.
- Alls voru 33 umsóknir (21 frá körlum og 12 frá konum) þar sem a.m.k. 1 karl og 1 kona höfðu sótt um sama starf. Til viðbótar voru 23 umsóknir (12 frá körlum og 11 frá konum) um störf þar sem allir umsækjendur um hvert starf voru af sama kyni. Því var mjög lítil munur á fjölda þeirra sem sóttu um starf þar sem allir umsækjendur voru af sama kyni og hinna sem sóttu um starf þar sem a.m.k. 1 karl og 1 kona sóttu um, og hafði Heilbrigðisvísindasvið nokkra sérstöðu í þessu sambandi ásamt Menntavísindasviði (þar sem fjöldi umsókna var þó töluvert lægri, alls 8 umsóknir).

Hugvísindasvið

- Alls bárust 64 umsóknir, 34 frá körlum og 30 frá konum.
- Hlutfall umsókna frá körlum var 53,1% en 46,9% frá konum, og var þessi munur á kynjum lægri á Hugvísindasviði en á öðrum fræðasviðum.
- Alls voru 9 manns ráðnir, 3 karlar (33,3%) og 6 konur (66,7%), og var þetta því eina fræðasviðið þar sem fleiri konur en karlar voru ráðnar á tímabilinu. Þessi munur á kynjum var minni á öðrum fræðasviðum nema á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.
- Hlutfall umsókna frá körlum sem enduðu með ráðningu var 8,8% en 20% umsókna frá konum enduðu með ráðningu. Hlutfallslega færri umsækjendur höfðu því erindi sem erfiði á Hugvísindasviði en á öðrum fræðasviðum, ef undan er skilið Verkfræði- og náttúruvísindasvið, þar sem þessi hlutföll voru svipuð. Til skýringar má nefna að ráðið var í öllu færri störf á Hugvísindasviði á tímabilinu en á flestum öðrum fræðasviðum og fjöldi umsókna um hvert starf jafnan meiri en á öðrum fræðasviðum (ef undan er skilið Verkfræði- og náttúruvísindasvið).
- Dómnefnd afgreiddi 58,8% umsókna karla með því álitum að umsækjandi uppfyllti lágmarksskilyrði, en 76,7% umsókna frá konum voru afgreiddar með sama hætti.
- Hugvísindasvið skar sig úr að því leyti að langflestar umsóknir voru um störf þar sem a.m.k. 1 karl og 1 kona sóttu um hvert starf, eða alls 56 umsóknir (31 frá körlum og 25 frá konum). Samtals voru 8 umsóknir (5 frá konum og 3 frá körlum) þar sem allir umsækjendur um hvert starf voru af sama kyni.

Menntavísindasvið

- Alls bárust 8 umsóknir, 5 frá körlum og 3 frá konum, sem var töluvert lægra en fjöldi umsókna um störf á öðrum fræðasviðum.
- Hlutfall umsókna frá körlum var 62,5% en 37,5% frá konum.
- Alls voru 4 umsækjenda ráðnir, 2 konur og 2 karlar, sem voru færri en á öðrum fræðasviðum á tímabilinu, þó að ekki munaði miklu í öllum tilfellum (t.d. voru 7 ráðningar á Hugvísindasviði á tímabilinu). Menntavísindasvið var eina fræðasviðið þar sem sami fjöldi karla og kvenna var ráðinn á tímabilinu.

- Hlutfall umsókna frá körlum sem enduðu með ráðningu var 40% og 66,7% frá konum, sem var það hæsta sem fram kemur í þessum niðurstöðum.
- Í 60% tilvika voru umsóknir karla afgreiddar frá dómnefnd með því álitni að umsækjandi uppfyllti lágmarksskilyrði til ráðningar, en umsóknir frá konum voru afgreiddar með þeim hætti í 66,7% tilvika.
- Umsóknir frá báðum kynjum bárust um 2 af þeim 4 störfum sem auglýst voru, alls voru 5 umsækjendur um þessi tvö störf (3 karlar og 2 konur). Eftir standa þá tvö störf; um annað sóttu 2 karlar en einn umsækjandi, kona, var um hitt.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- Alls bárust 129 umsóknir, 108 frá körlum og 21 frá konum, en þetta var mesti fjöldi umsókna sem barst um störf á einu fræðasviði og rúmlega tvöfaldur sá fjöldi sem barst um störf á því sviði sem næst kom (Heilbrigðisvísindasviði, 56 umsóknir). Fjöldi umsókna frá körlum, 108, var enn fremur rúmlega þrefaldur á við það sem sást á öðrum fræðasviðum (mest 34 umsóknir) en fjöldi umsókna frá konum, 21, var sambærilegur við fjölda umsókna frá konum um störf á öðrum fræðasviðum.
- Hlutfall umsókna frá körlum var 83,7% en 16,3% frá konum, sem var meiri munur á kynjum en á öðrum fræðasviðum.
- Alls voru 17 umsækjenda ráðnir, 13 karlar (76,5%) og 4 konur (23,5%), sem var meiri munur á kynjum en á öðrum fræðasviðum, en rétt er þó að hafa í huga hlutfallslega kynjaskiptingu umsókna, sem var ójafnari en á öðrum fræðasviðum.
- Hlutfall umsókna frá körlum um akademísk störf á sviðinu, sem endaði með ráðningu var 12%, og 19% umsókna frá konum. Þetta var sambærilegt við Hugvísindasvið, þar sem hlutfall umsókna sem endaði með ráðningu var einnig með lægra móti. Þetta skýrist einkum af þeim mikla fjölda sem sótti um störf á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.
- Dómnefnd afgreiddi 65,7% umsókna frá körlum með jákvæðu álitni (þ.e. að umsækjandi uppfyllti lágmarksskilyrði til ráðningar) en hlutfallið var nokkuð lægra þegar kom að umsóknum frá konum, eða 52,4.
- Flestar umsóknir voru um störf þar sem bæði karlar og konur sóttu um hvert starf. Þannig voru 86 umsóknir (67 frá körlum og 19 frá konum) þar sem a.m.k. 1 karl og 1 kona höfðu sótt um sama starf, en hinar 43 umsóknirnar (41 frá körlum en einungis 2 frá konum) voru um störf þar sem allir umsækjendur um hvert starf voru af sama kyni.